

í samræmi við fyrirmæli dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 9. desember 1986.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 51. gr. sömu laga ber að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að framkvæma húsleit í Vídeóspólunni, Holtsgötu 1, Reykjavík og leggja þar hald á gögn, er ætla má að tengist ætluðum brotum fyrirsvarsmanna myndbandaleigunnar á framangreindum lagaákvæðum.

Heimilt er að leita í læstum hirslum.

Föstudaginn 9. janúar 1987.

Nr. 341/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Elíasi Kristjánssyni vegna

Nýju vídeóleigunnar s/f

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1986, sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með hinum kærða úrskurði var heimiluð leit í húsakynnum Nýju vídeóleigunnar, Grensásvegi 5 í Reykjavík. Úrskurðinn hefur kært Elías Kristjánsson vegna Nýju vídeóleigunnar s/f. Verður að ætla, eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, að úrskurðurinn hafi verið kærður af þar til bærum aðilja.

Í fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem getið er í hinum kærða úrskurði, kemur fram að tilefni þeirra hafi verið ábendingar frá Kvikmyndaeftirliti ríkisins.

Varnaraðili hefur ekki lagt fram greinargerð til rökstuðnings kröfum sínum.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, fór fram samkvæmt hinum kærða úrskurði leit í húsakynnum Nýju vídeóleigunnar s/f og var lagt hald á 554 myndbönd. Í skýrslu lögreglunnar segir svo: „Hald var lagt á þau myndbönd sem eru á bannlista Kvikmyndaeftirlits ríkisins yfir ofbeldismyndir, klámmyndir, myndir sem ekki báru með sér að hafa verið skoðaðar af kvikmyndaeftirlitinu og myndir sem grunur lék á að væri brot gegn höfundaréttinum.“ Lögreglurannsóknin beinist sérstaklega að því að upplýsa hvort varnaraðili hafi brotið ákvæði laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og ákvæði höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 78/1984. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal leggja hald á muni, sem ætla má að hafi sönnunargildi í opinberu máli eða ætla má að gerðir verði upptækir.

Með vísan til framanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 22. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavíkur hefur gert þá kröfu, að heimiluð verði með úrskurði húsleit í húsakynnum Nýju vídeóleigunnar, Grensásvegi 5 hér í borg, en nú stendur yfir eftirlitsátak með ofbeldiskvikmyndum, sbr. l. 33/1983, klámmyndum, tilvist verslunarleyfa, bókhaldi og skattskilum svo og ætluðum brotum gegn höfundalögum, sbr. l. 78/1984. Er þetta átak gert í samræmi við fyrirmæli dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 9. desember 1986.

Með vísan til 48. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 51. gr. sömu laga ber að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík til greina.

Úrskurðarorð:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að framkvæma húsleit í Nýju vídeóleigunni, Grensásvegi 5, Reykjavík, og leggja þar hald á gögn, er ætla má að tengist ætluðum brotum fyrirvarsmanna Nýju vídeóleigunnar á framangreindum lagaákvæðum.

Heimilt er að leita í læstum hirslum.

Laugardaginn 10. janúar 1987.

Nr. 342/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Valgeiri Vésteini Jósafatssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru skráðri í sakadómsbók 23. desember 1986. Verður að ætla að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi en frá varnaraðila hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Á dómþingi í sakadómi Keflavíkur 23. desember 1986 lýsti varnaraðili sig samþykkan því að gangast undir geðrannsókn.

Rétt var vegna rannsóknar málsins að varnaraðili sætti gæsluvarðhaldi, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.